

Priðjudaginn 27. júní 1944.

Nr. 38/1944. **Strætisvagnar Reykjavíkur h/f**

(Theódór B. Lindal)

gegn

Jóhanni Indriðasyni f. h. ófjárráða sonar síns Harðar (Sigurður Ólason).

Skaðabótakrafa vegna meiðsla í bifreið.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 8. apríl s. l. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum stefnda í málinu, en til vara, að bótaábyrgð verði skipt. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt vottorði Magnúsar Sigurjónssonar, er staðfest hefur verið fyrir dómi eftir uppsögn héraðsdóms, hafði strætisvagninum þegar verið ekið af stað, er slysið varð. Kveðst Magnús hafa verið í vagninum og greinilega tekið eftir, er slysið bar að hendi. Það er og komið fram, að vagninum hafði verið ekið nokkurn spöl, er menn veittu áverka drengsins athygli. Að svo vöxnu máli þykir verða samkvæmt 34. gr. laga nr. 23/1941 að leggja ábyrgðina á slysi þessu á áfrýjanda, enda þótt ekki sé sönnuð sök bifreiðarstjórans. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 400.00.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Strætisvagnar Reykjavíkur h/f, greiði stefnda, Jóhanni Indriðasyni f. h. ófjárráða sonar hans, Harðar, kr. 400.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 1. apríl 1944.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. f. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 4. janúar 1944, af Jóhanni Indriðasyni bifreiðarstjóra, Sogavegi 158 hér í bæ, f. h. ólögráða sonar hans Harðar Jóhannssonar s. st. gegn Strætisvögnum Reykjavíkur h/f hér í bæ til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 5000.00, ásamt 5% ársvöxtum frá 8. október 1943 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. — Þá hefur Sjóváttryggingarfélagi Íslands h/f verið stefnt til réttargæzlu í málinu, en bifreið stefnda R 2780 er tryggð hjá því félagi.

Með samkomulagi aðilja og samþykki dómarans hefur málf lutningurinn nú snúizt um það eitt, hvort stefnda verði talið eiga sök á siðargreindu slysi.

Hefur stefnandi *aðallega* krafizt þess, að stefnda verði að öllu leyti talinn eiga sök á slysinu, en til *vara*, að sökinni verði skipt að mati dómarans.

Stefnda hefur hins vegar *aðallega* krafizt sýknu, en til *vara*, að sökinni verði skipt. Þá hefur stefnda krafizt málskostnaðar sér til handa að mati dómarans.

Málavextir eru þeir, að um morguninn þann 7. október s. l. var strætisvagninn R 2780, sem er eign stefnda, á leið innan úr Sogamýri niður í Miðbæ. Vagninn var fullur af fólki, og margir stóðu. Einn þeirra var stefnandinn Hörður, sem er 13 ára að aldri, og stóð hann aftarlega í vagninum. Um kl. 8.48 var vagninn stöðvaður fyrir neðan verzlunina Ás hér í bænum, til að taka farþega og sleppa farþegum út. Skýrir stefnandi svo frá, að allmikil þrengsli hafi verið í vagninum, og hafi hann staðið aftarlega beint á móti afturdyrum vagnsins og haldið sér í slá, sem til þess er í lofti vagnsins. Er vagninn hafi staðnæmzt, hafi nokkrir farþegar komið inn að framan, en enginn farið út að aftan þá strax. Í því að vagninn hafi verið að renna af stað aftur, hafi staðið upp maður einn þar aftarlega í vagninum, farið út um afturdyrnar og skellt á eftir sér hurðinni. Stefnandi kveðst hafa sleppt slánni til að maðurinn kæmist fram hjá og í þeim svifum hafi hann hrasað niður í tröppu þá, er liggur niður að afturdyrunum, og um leið gripið með hægri hendinni í aftari dyrastafinn, þar sem læsingin er. Í þessu hafi maðurinn skellt hurðinni aftur og klemmdist þá haugfingur hægri handar á milli stafs og hurðar svo mjög, að tók í burtu hluta af fremstu kjúkunni. Stefnandi varð ekki strax var við meiðslið, og ók vagninn nokkra leið áður en farþegar sáu, að blæddi úr sárinu. Var vagnstjóranum þá gert viðvart, og

stefnanda síðan komið á sjúkrahús til lækniáðgerða. Telur stefnandi, að stefnda beri ábyrgð á nefndu slysi, þar sem vagnstjórinn hafi eigi sýnt fulla aðgætni með því að aka af stað áður en farþegar höfðu komið sér fyrir og hurðir tryggilega lokaðar. Þá hefur stefnandi talið, að ein orsök til slyssins sé sú, að vagninn hafi verið ofhlaðinn, og því hafi orðið þröng aftur í honum. Enn fremur hefur stefnandi haldið því fram, að ekki sé tryggilega gengið frá hurð vagnsins, en henni verði ekki lokað né hún opnuð úr sæti vagnstjóra, heldur verða farþegar þeir, er um hana ganga, að opna hana og loka. Þar sem slysinu hefði þannig mátt afstýra, hefði vagnstjórinn sýnt fulla aðgæzlu og vagninn verið í fullu lagi, þá hljóti stefnda að bera ábyrgð á því tjóni, er af hlaut. samkv. ákvæðum 34. gr. bifreiðalaganna nr. 23 frá 1941.

Vagnstjóri sá, er stýrði stætisvagninum R 2780 í umrætt sinn, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að í vagninum muni hafa verið í þetta skipti um 40—50 farþegar, en hann megi flytja 45 farþega. Þar af hafi aðeins 16—20 menn sæti, en hinir verði að standa. Hann segir, að staðnæmzt hafi verið stutta stund fyrir neðan Ás, og kveðst hann ekki hafa orðið þess var, að umrætt slys skeði, enda sjái hann ekki aftur í afturhluta vagnsins, þegar margir farþegar standi, eins og var í þetta sinn. Slyssins hafi hann fyrst orðið var, er hann hafi verið búinn að aka um 100 faðma áfram. Vagnstjórinn hefur einnig skýrt svo frá, að hann geti ekki opnað eða lokað afturhurð vagnsins úr sæti sínu. Hins vegar sé í tækjaborðinu rautt ljósmerki í sambandi við afturhurðina, þannig að rautt ljós sést, þegar hurðin er opin, en það slokknar jafnskjótt og hurðinni er lokað. Kveðst vagnstjórinn þess fullviss, að rauða ljósið hafi kviknað í umrætt sinn, en verið slokknáð áður en hann lagði af stað. Hreyfill vagnsins hafi hins vegar verið í gangi allan tímann.

Vitnið Daniel Kristinsson, sem var farþegi í vagninum í umrætt sinn, hefur borið það fyrir dómi, að vagninn hafi staðnæmzt aðeins örstutta stund fyrir neðan Ás, og aðeins einn maður hafi þá farið út að aftan. Telur vitnið, að maður þessi hafi staðið og hafi hann ekki gengið hranalega um, er hann fór út, og kveðst þess fullviss, að vagninn hafi staðið kyrr í þessu, enda ekki farið af stað fyrr en nokkru eftir að hurðinni var lokað. Slyssins varð vitnið ekki vart fyrr en eftir að vagninn var kominn af stað, en þá sá það blóð streyma úr hendi stefnanda og var vagnstjóranum þá strax gert viðvart.

Stefnda byggir sýknukröfu sína á því, að þar sem vagninn hafi staðið kyrr, hafi vagnstjórinn sýnt fulla aðgæzlu og varkárni og vagninn verið í lagi, þá beri það hvorki ábyrgð á nefndu slysi samkvæmt sérákvæðum bifreiðalaganna né samkvæmt almennum skaðabótareglum.

Varakröfu sína byggir stefnda á því, að stefnandi eigi nokkra sök á greindu slysi sakir ógætni sinnar, og beri því að skipta sökinni milli aðilja.

Bifreiðin R 2780 er almenningsvagn, sem stefnda notar til mannflutninga á áætlunarleiðum innan lögsagnarumdæmis Reykjavíkur, en það hefur sérleyfi til slíkra flutninga hér í bænum.

Af því, sem upp er komið í málinu og að framan greinir, er ljóst, að slys það, er hér um ræðir, varð með þeim hætti, að hönd stefnanda klemmdist á milli hurðar og stafs, þegar afturhurðs vagnsins var lokað, er farþegi hafði gengið út um dyrnar.

Að vísu er ósannað, að vagninn hafi verið á hreyfingu, er umrætt slys varð, en með tilliti til allra aðstæðna þykir verða að telja, að slys þetta standi í því sambandi við notkun bifreiðarinnar sem slíkrar, að ábyrgðarreglur bifreiðalaganna komi hér til greina.

Og með því að eigi er sýnt fram á, að slysið hefði hlotið að vilja til, þrátt fyrir alla aðgæzlu og varkárni af hálfu vagnstjórans, þá þykir samkvæmt 34. gr. bifreiðalaganna nr. 23 frá 1941 verða að telja, að stefnda beri ábyrgð á tjóni því, er af slysi þessu hlaut.

Þar sem ekki verður sé, að stefnandi hafi sýnt ógætni í umrætt sinn, verður ekki talið, að unnt sé að skipta sökinni, og verður því varakrafa stefnds ekki tekin til greina.

Málsúrslit verða því þau, að telja verður að stefnda beri bótaábyrgð vegna framangreinds slyss.

Eftir atvikum þykir rétt, að stefnda greiði stefnanda kr. 100.00 upp í málskostnað fyrir þennan hluta málsins.

Árni Tryggvason, settur borgardómari, kvað upp dóm þenna.

Dvi dæmist rétt vera:

Stefnda, Strætisvagnar Reykjavíkur h/f, ber bótaábyrgð vegna framangreinds slyss.

Stefnda greiði stefnanda, Jóhanni Indriðasyni f. h. Harðar Jóhannssonar, kr. 100.00 upp í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.